

Ed.

281. Nefndarálit

[132. mál]

um frv. til l. um heimild til erlendra lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna lánsfjáráætlunar 1978.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Efni þessa frumvarps er tvíþætt. Í fyrsta lagi er óskað eftir heimildum til erlendra lántöku vegna ríkisframkvæmda 1978 til að ábyrgjast lántökur Landsvirkjunar og Hitaveitu Suðurnesja og til að taka erlend lán til greiðslu á eldri lánunum. Samtals er gert ráð fyrir erlendum lántökum sem nema 20 000 millj. kr. á næsta ári, þar af 9 683 millj. vegna opinberra aðila og 10 317 millj. vegna annarra aðila.

Í öðru lagi er í frv. gert ráð fyrir að viðurkenndir lífeyrissjóðir verði skyldaðir til að verja a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á verðtryggðum skuldbréfum, og er við það miðað að 30% af ráðstöfunarfé sjóðanna renni til fjármögnunar samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Heildarráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1977 er áætlað um 12 100 millj. kr., en þar af er áætlað að fjárfestingarsjóðir kaupi um 3 150 millj. kr. eða 26% af ráðstöfunarfé sjóðanna.

Ákvæði frv. um þetta efni er mjög umdeilt og því hefur harðlega verið mótmælt af Sambandi lífeyrissjóðanna. Minni hl. n. er andvígur þessu ákvæði og telur að þessi mál verði að útkljá með frjálsum samningum. Eins og nú er komið málefnum lífeyrissjóðanna stefna þeir að ört hækkandi lífeyrisgreiðslum til sjóðfélaga sinna. Ljóst er því, að þeir geta ekki í sama mæli og áður ráðstafað fjármagni sínu til almennra framkvæmda á vegum ríkisins eða annarra sem með atvinnurekstur hafa að gera.

Fjárhagsleg aðstaða lífeyrissjóðanna er mjög misjöfn og útgjöld af eftirlaunagreiðslum einnig. Minni hl. telur því, að eðlilegast sé að ríkissjóður og opinberir sjóðir semji beint og án lagasetningar við lífeyrissjóðina um lánsfé gegn verðtryggingu. Eðlilegast er, að fjármagn lífeyrissjóða verkalýðsfélaganna sé fyrst og fremst notað til að auka félagslegar íbúðabyggingar en hér er bersýnilega stefnt í þveröfuga átt.

Verði ákvæði 3. gr. frv. um skyldu lífeyrissjóðanna til lánveitinga ekki breytt, mun minni hl. greiða atkv. gegn frumvarpinu.

Alþingi, 20. des. 1977.

Ragnar Arnalds, Jón Árm. Héðinsson.
frsm.